

Gisli Már Gislason
Liffræðistofnun Háskólangs

FÆÐA BLEIKJUNNAR Í HLÍÐARVATNI

Inngangur

Að beiðni félaga í Ármönum var gerð athugun á fæðu bleikjunnar (Salvelinus alpinus (L.)) í Hliðarvatni frá því í júní 1980 til júní 1981. Tilgangur athugunarinnar var að stangveiðimenn gætu nýtt sér upplýsingar um fæðu bleikjunnar til að gera beitu sem væri svipuð fæðunni í útliti.

Fæða bleikju hefur verið athuguð í Mývatni (Hákon Aðalsteinsson 1976, 1979, Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson 1979 og Arnþór Garðarsson o.fl. 1979) og í Þingvallavatni (Hilmar Malmquist 1983). Auk þess hafa verið gerðar fáeinir athuganir á fæðu bleikju í öðrum vötnum (óbirtar niðurstöður).

Aðferðir

A hálfsmánaðarfresti voru veiddar 5 bleikjur á stöng á mismunandi stöðum við vatnið á tímabilinu 22. júní til 30. september 1980 og 4. maí til 5. júní 1981. Bleikjurnar voru veiddar af félögum í Ármönum, og komið með þær samdægurs á Liffræðistofnun Háskólangs. Þær voru þær lengdarmældar, vigt-aðar, kvarnaðar, kyn og kynþroski ákvarðaður og magi settur í 70% alkóhól. Ef ekki var hægt að koma með bleikjurnar á Liffræðistofnun Háskólangs, gerðu veiðimenn þessar athuganir og settu magana í frysti. Allar upplýsingar voru skráðar á kvarnapoka. Lengd fiskanna var á bilinu 24- 44cm.

Þegar magar voru opnaðir, var fylli þeirra metin, fæðunni dreift á skál (þvermál 9cm), og metin hlutfallsleg þekja fæðutegunda undir smásjá. Meðaltal var síðan tekið af hverjum 5 mögum.

Niðurstöður

Magafylli var nokkuð breytileg eftir árstínum. Mest var magafyllin í mai og ágúst en minnst í september, lok júní og byrjun júlí (l. mynd).

Aðalfæðan var rykmýspúpur (Chironomidae), sem voru rikjandi í fæðunni allt sumarið (2. mynd). Þegar tók að hausta, varð kornáta (Eurycercus lamellatus (Müller)) rikjandi í fæðunni og síðan dvalaregg hennar (söðulhýði). Á vorin voru vatnabobbar (Lymnaea peregra (Müller)) rikjandi í fæðu. Aðrar tegundir komu fyrir í litlum mæli (2. mynd). Púpur vorflugnanna Apatania zonella (Zett.) og Limnephilus affinis Curt. komu fyrir ásamt efjuskel (Pisidium casertanum Poli), vatnaflónni Alona affinis (Leydig), árfætlunum Diaptomus glacialis Lilljeborg og Cyclops cf. abyssorum Sars og marflónni Gammarus duebeni Lilljeborg. (3. mynd).

Umræða

Magafylli virðist vera mest að vori til, þegar fiskarnir eru að hefja fæðuöflun eftir vetrarhvíld. Fjöldi fiska í hverju sýni er samt of litill til að gefa ákveðnar vísbendingar, auk þess þarf að veiða allan sólarhringinn, þar sem fiskar eru misvirkir í fæðunámi eftir tíma dags. Oftast éta þeir mest í ljósaskiptunum (óbirtar uppl. úr Vifilstaðavatni).

Fæðan endurspeglar að sumu leyti hvaða tegundir eru best fallnar til áts á mismunandi árstínum. Þetta fer að miklu leyti eftir því hve fæðutegundirnar eru algengar, og hegðun fisksins. Rykmýið var mest étна fæðan, enda var það liklegast algengasta dýrið í Hlíðarvatni yfir sumarið, þegar það syndir upp að yfirborði vatnsins og skriður úr púpunum. Kornátan náði síðan yfirhöndinni seinni hluta sumars, en þá voru vatnaflær, einkum kornáta, í mestu magni innan um botngróður. Vatnabobbinn er sennilega auðveld bráð að vori til, meðan litill botngróður er í vatninu, og hann heldur sig á steinum nálægt fjörum og í fjörunni.

Bleikjan í Mývatni nýtir sér mjög svipaða fæðu (Hákon Aðalsteinsson 1976, 1979, Arnþór Garðarsson, Arni Einarsson 1978 og Arnþór Garðarsson o.fl. 1979), nema að svifkrabbar verða rikjandi um mitt sumar. Sniglableikjan í Þingvallavatni étur aftur á móti nær eingöngu botndýr (Hilmar Malmquist 1983), og er vatnabobbi fyrirferðarmestur í fæðunni þar.

Heimildir


Arnbór Garðarsson og Árni Einarsson 1978. Athugun á svæðisbundnu fæðuvali bleikju í Mývatni sumarið 1977. Veiðimálastofnun. Fjöлrit 21.

Arnbór Garðarsson, Árni Einarsson og Erlendur Jónsson 1979. Fæða bleikju í Mývatni 1978. Náttúruverndarráð. Fjöлrit 5:110-114.

Hákon Aðalsteinsson 1976. Fiskistofnar Mývatns. Náttúrufraeðingurinn 45:154-177.

Hákon Aðalsteinsson 1979. Size and food of arctic char Salvelinus alpinus and stickleback Gasterosteus aculeatus in Lake Mývatn. Oikos 32:228-231.


Hilmar Malmquist 1983. Fæðuhættir, sníkjudýrabyrði og vöxtur mismunandi gerða bleikjunnar, Salvelinus alpinus (L.) í Þingvallavatni. Prófritgerð framhaldsnáms. Liffraeðiskor, Háskóli Íslands. Reykjavík.



1. mynd. Magafylli bleikju úr Hlíðarvatni 1980-1981.
5 bleikjur voru athugaðar í hvert skipti.


100]

%



1980

1981



2. mynd. Fæða bleikju í Hlíðarvatni 1980-1981.

Maðainnihald var metið undir smásjá sem hlutfallsleg þekja. 5 bleikjur í meðaltali.

3. mynd.

Helstu fæðutegundir bleikjunnar i Hliðarvatni.


A: Rykmý, B: Vatnabobbi, C: Kornáta, D: Vorflugur,
E: Efjuskel og F: Árfætla.

Skýringar: f - fluga, h - vorflugnahús, l - lirfa
og p - púpa. Kvarði: 1mm.


Litir: Rykmýslirfur eru annað hvort rauðar eða gráar,
og rýkmýspúpur og flugur eru gráleitar með dekkri
skjöldum á baki bols og afturbols. Vatnabobbinn
er gulbrúnn. Kornáta er móleit. Vorflugur eru dökk-
gráar, lirfurnar eru gár- eða móleitar á höfði og
frambol, en afturbolur hvítur eða rjómalitaður.

Hús vorflugna í Hliðarvatni eru úr sandkornum.


Efjuskeljarnar eru móleitar og brúnar. Árfætlur
eru rjómalitaðar eða laxableikar.




A




B



C





f




I



h



F



E